

BORGARRÁÐ 12. september 2019: Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um nýtingu eða sölu metans hjá Sorpu bs. - R19090140

Hjá Sorpu er verið að auka nýtingu á lífrænum úrgangi. Meðal annars með sérsöfnun á lífrænum eldhúsúrgangi. Nýja stöð er verið að reisa í Álfsnesi. Það þýðir að meira metan verður til. Flokkur fólksins spyr: Hvað á að gera við allt þetta metan? Ef það verður ekki nýtt sem orkugjafi, á þá að stækka metanbálið í Álfsnesi? Í komandi orkuskiptum spyr Flokkur fólksins hvort ekki þarf að leggja áherslu á að borgin nýti þetta metan eða selji það?